

Nr. 37.
16.
nóvbr.

Lög

um

breyting á lögum 4. marz 1904, um stofnun lagaskóla.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Við skóla þennan skulu vera tveir fastir kennarar, skipaðir af konungi. Annar er jafnframt forstöðumaður skólans og hefur að launum 4,000 krónur á ári. Hinn hefur að launum 2,800 krónur.

2. gr.

Aptan við 3. gr. laganna bætist:

Og skal þar, auk hins venjulega prófs yfir nemendum skólans, skipa fyrir um aukapróf fyrir fullnuma frá Kaupmannahafnarháskóla, sem öðlast vilja rjett til embætta hjer á landi.

3. gr.

Þegar lög þessi eru staðfest, skal færa breytingar þær, sem með þeim eru gjörðar, inn í texta laganna frá 4. marz 1904, og getur konungur þá gefið lögin, þannig breytt, út sem lög um stofnun lagaskóla á Íslandi.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 16. nóvember 1907.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

Lov

om

Nr. 37.
16.
Novbr.

Forandring af Lov 4. Marts 1904, om Oprettelse af en Lovskole.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Lovens § 2 affattes saaledes:

Ved denne Skole skal der være ansatte to af Kongen beskikkede faste Lærere. Den ene af disse er tillige Skolens Forstander og har 4,000 Kr. i aarlig Lønning. Den anden har 2,800 Kr. i Lønning.

§ 2.

Til Lovens § 3 i Slutningen tilføjes:

Og skal der foruden den regelmæssige Eksamen for de Studerende ved Skolen forordnes en Ekstraprøve for Kandidater fra Københavns Universitet, som maatte ønske at erhverve Ret til Embeder her i Landet.

§ 3.

Naar denne Lov er stadfæstet, skal de i samme indeholdte Forandringer indføres i Teksten af Loven fra 4. Marts 1904, hvorefter den nævnte Lov saaledes ændret kan udfærdiges af Kongen som Lov om Oprettelse af en Lovskole i Island.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 16. November 1907.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Islands Ministerium, den 16. November 1907.

H. Hafstein.

Ólafur Halldórsson.